



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2021

Efni: Langur biðtími eftir talmeinaþjónustu

Þann 8. febrúar 2019 sendi umboðsmaður barna erindi til heilbrigðisráðuneytisins varðandi aðgang barna að þjónustu talmeinafræðinga. Þar kemur fram að embætti umboðsmanns hafi borist ábendingar varðandi talþjálfun barna og fyrirkomulag þjónustu samkvæmt samkomulagi ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu fyrir börn frá árinu 2014. Samkvæmt samkomulaginu fá börn með vægari talmeini þjónustu innan leik- og grunnskóla sveitarfélaga, og telst þjónustan þá hluti af þeirra menntun, en börnum með meiri talmeini er vísað í þjálfun hjá talmeinafræðingum, og fellur slík þjónusta undir rammastærðfræðingum Sjúkratrygginga Íslands og talmeinafræðinga. Í bréfi umboðsmanns kemur jafnframt fram að embættinu hafi borist upplýsingar um að börn sem hafi talmeini er falli undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands lendi iðulega á biðlistum eftir talþjálfun og þurfi nær undantekningarlaust að bíða í tólf mánuði eða lengur eftir því að komast í þjálfun. Þá óskaði umboðsmaður barna eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvort það telji að framangreint fyrirkomulag tryggi börnum tímanlegan og nauðsynlegan aðgang að þjónustu talmeinafræðinga og hvort til standi að gera einhverjar breytingar á framangreindu fyrirkomulagi og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Svar frá heilbrigðisráðuneytinu barst þann 6. júní 2019. Þar er tekið undir mikilvægi þess að börn með tal- og/eða málhömlun fái viðeigandi sérfræðiþjónustu. Skortur á talmeinafræðingum hafi verið viðvarandi í langan tíma en á síðustu árum hafi verið gripið til aðgerða til að reyna að sporna við þeim vanda. Tekur ráðuneytið fram að nemum í talmeinafræði hafi fjölgað sem og útskrifuðum talmeinafræðingum. Fjölgun talmeinafræðinga hafi þó ekki haldið í við vaxandi eftirspurn þó staðan sé betri en hún var. Þá kemur fram að ljóst sé að útskrifuðum talmeinafræðingum muni halda áfram að fjölga og með þeim hætti eigi að vera hægt að þjónusta þennan viðkvæma hóp barna betur og stytta biðtíma. Þá kemur fram í svarinu að

núverandi fyrirkomulag um skiptingu ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga hafi ekki verið til endurskoðunar hjá ráðuneytinu.

Þann 4. febrúar 2021 sendi umboðsmaður barna á ný erindi varðandi langan biðtíma barna eftir talmeinaþjónustu og aðgengi barna að talþjálfun. Þar kemur fram að þrátt fyrir fjölgun útskrifaðra talmeinafræðinga hafi biðlistar eftir talþjálfun lengst og nú bíði mikill fjöldi barna eftir þjónustu. Biðtími eftir talþjónustu barna á stofum sé að meðaltali sautján mánuðir en geti verið allt að þrjátíu og sex mánuðir, þá sé ástandið almennt verra á landsbyggðinni. Umboðsmaður barna óskaði eftir því að fá upplýsingar frá heilbrigðisráðuneytinu um það hvaða aðgerða ráðuneytið hygðist grípa til í þeim tilgangi að bæta þjónustu við börn sem þurfa á talmeinaþjónustu að halda og tryggja snemmtæka íhlutun með því að stytta biðtíma barna.

Svar frá heilbrigðisráðuneytinu barst 19. febrúar 2021. Í svari ráðuneytisins kemur fram að skortur sé á talmeinafræðingum og að sá vandi hafi verið viðvarandi í langan tíma. Einnig kemur fram að þrátt fyrir að nemum í talmeinafræði og útskrifuðum talmeinafræðingum hafi fjölgað hafi sú fjölgun ekki haldið í við vaxandi þörf barna fyrir þjónustuna. Vísar ráðuneytið til þess að heilbrigðisráðherra hafi í hyggju að leggja fram þingsályktunartillögu sem ætlað sé að koma þeim málefnum sem rædd voru á Heilbrigðisþingi 2020 í farveg. Áætlað sé að lögð verði fram þingsályktun á Alþingi um stofnun þverfaglegs landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Með skipan landsráðs standi vonir til þess að hægt verði að finna lausnir á vanda er varðar fjölda talmeinafræðinga. Þá sé ljóst að með aukinni nýtingu á fjarheilbrigðisþjónustu sé mögulegt að veita fleiri börnum þjónustu án tillits til búsetu. Þá bendir ráðuneytið réttilega á að aðkomu ríkis og sveitarfélaga þurfi til þess að hægt sé að finna lausn á þessum vanda.

Líkt og fram kemur í svari ráðuneytisins hefur skortur á talmeinafræðingum verið viðvarandi vandamál í langan tíma. Birtist það m. a. í því að biðtími barna eftir þjónustu talmeinafræðinga hefur verið of langur. Þá hefur þróunin frekar verið sú að biðtími barna eftir þjónustu hafi lengst. Íslenska ríkinu ber skylda til þess að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þess að ná eðlilegum þroska sbr. 6. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá eiga börn líkt og aðrir notendur heilbrigðisþjónustu rétt á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á sem miðast af ástandi þeirra og horfum og bestu þekkingu sem völ er á sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 74/1997. Það er óviðunandi að börn þurfi að bíða í allt að þrjátíu og sex mánuði eftir talmeinaþjónustu. Í ljósi þess að um viðvarandi vandamál er að ræða sem tekur til viðkvæms hóps barna er það ámælisvert að ráðuneytið vísi til þess að ráðherra hafi í hyggju að koma fram með þingsályktunartillögu á Alþingi um stofnun þverfaglegs landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu sem lausn á þeim bráða vanda sem myndast hefur. Ekki liggur fyrir hvenær viðkomandi ályktun verði lögð fyrir Alþingi né með hvaða hætti eða innan hvaða tímaramma viðkomandi landsráði er ætlað að leysa þann vanda sem skapast hefur varðandi biðtíma barna eftir talmeinaþjónustu. Þessi staða sem hefur nú verið viðvarandi í of langan tíma kallar á tafarlausar aðgerðir ráðuneytisins. Í svari ráðuneytisins frá 6. júní 2019 kemur fram að lausn sé í sjónmáli þar sem talmeinafræðingum komi til með að fjölga. Það hefur ekki gengið eftir og þarf ráðuneytið að leita lausna, í samvinnu við sveitarfélögin og talmeinafræðinga. Það er óviðunandi að ráðuneytið greini ekki frá neinum aðgerðum öðrum en því að vísa málinu til

landsráðs, sem mögulega verði sett á laggirnar, ef þingsályktunartillaga þess efnis verði samþykkt. Vandinn er ljós og aðkallandi, það þarf ekki frekari umfjöllun í ráðum eða nefndum, heldur aðgerðir og fjármagn. Líkt og fram kemur í svari heilbrigðisráðuneytisins þarf aðkomu sveitarfélaga til þess að hægt verði að leysa þennan vanda. Ráðuneytinu sem æðsta stjórnvaldi í heilbrigðismálum og stefnumótandi aðila ber að eiga frumkvæði að slíku samstarfi og leiða þá vinnu. Þá er einnig mikilvægt að talmeinafræðingar komi þar að.

Það er mikilvægt að gera öllum börnum kleift að ná eins góðum málþroska og hægt er án nokkurrar mismununar. Eðlilegur málþroski skiptir grundvallarmáli fyrir framtíð barna og er forsenda þess að börn fái notið margra annarra réttinda sinna, svo sem réttar til menntunar og þátttöku í samfélaginu. Þegar barn á í erfiðleikum með að tjá sig getur það haft áhrif á félagsleg tengsl, líðan barnsins og nám. Það er mikilvægt að börn nái tókum á málinu sem fyrst og þá helst strax á leikskólaaldri. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og eru fyrstu árin í æviskeiði barns mikilvægust þegar kemur að talþjálfun, löng bið eftir þjónustu getur haft umfangsmikil áhrif á framtíð barna með tal- og málþroskaröskun.

Með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 83/1994 óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu um það hvernig ráðuneytið muni koma á samstarfi við sveitarfélögin og talmeinafræðinga um það að leysa þann bráða vanda sem skapast hefur. Einnig hvaða aðgerða verði gripið til í þeim tilgangi að bæta þjónustu við börn sem þurfa á talmeinaþjónustu að halda og tryggja snemmtæka íhlutun.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna